



Hreppsnefnd 31.07.03.

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 31. júlí 2003.

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 31. júlí 2003 kl. 1200 í Miklagarði. Mættir: Borghildur Sverrisdóttir, Sigurveig Róbertsdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Ólafur Valgeirsson, Steindór Sverrisson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1.mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 30. júní sl.

Fundargerðin rædd og spurt var um afgreiðslu 5. máls. Greindi sveitarstjóri frá því að málið hefði verið skoðað og unnið væri að lagfæringu á veginum.

2.mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 10. júní sl.

Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.

3.mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. júlí sl.

Fundargerðin rædd og skýrði sveitarstjóri frá helstu breytingum sem gerðar höfðu verið á nýjum hafnarlögum og lagði til að tillaga hafnarnefndar um rekstrarform, sem fram kemur í 2. tl.

fundargerðarinnar yrði samþykkt og jafnframt tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir höfnina.

Hreppsnefnd samþykkti síðan fyrir sitt leyti fram komnar tillögur frá hafnarnefnd um rekstrarfyrirkomulag og nýja gjaldskrá.

Fundargerðin þannig samþykkt með 6 atkv. Einn sat hjá.

4.mál. Fundargerð bygginganefndar frá 23. júlí sl. Fundargerðin rædd og fyrirspurnir komu fram sem sveitarstjóri og oddviti svöruðu. Síðan var fundargerðin samþykkt samhljóða.

5.mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana – Fyrri umræða. Sveitarstjóri skýrði reikningana og lagði til að fyrirliggjandi ársreikningum Vopnafjarðarhrepps og stofnana yrði vísað til síðari umræðu.

Nokkrar umræður urðu um ársreikningana og svaraði sveitarstjóri fram komnum fyrirspurnum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að vísa reikniungunum til síðari umræðu.

6.mál. Kaup á hlut Eskju h/f í Tanga h/f. Staða mála og framvinda. Sveitarstjóri og stjórnarformaður Tanga, Ólafur Ármannsson, skýrðu viðræður við eigendur Eskju hf. og að gengið hefði verið frá kaupum á hluta Eskju hf. í Tanga h/f þann 28. júlí sl.

7.mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð samgöngunefndar SASSA frá 6. júní sl. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.